

---

## Dýpkun við Sundabakka á Ísafirði

### Ákvörðun um matsáætlun

---

#### 1 INNGANGUR

Þann 13. janúar 2020 barst Skipulagsstofnun tillaga Hafna Ísafjarðabæjar að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar dýpkunar við Sundabakka á Ísafirði, samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.11 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Ísafjarðabæjar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Hafrannsóknastofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Samgöngustofu og Umhverfisstofnunar.

#### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Dýpkun við Sundabakka á Ísafirði. Tillaga að matsáætlun. Hafnir Ísafjarðabæjar og Verkís 2020.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Ísafjarðarbæ með tölvupósti dags. 5. mars 2020.
- Hafrannsóknastofnun með bréfi dags. 31. janúar 2020.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvupósti dags. 3. febrúar 2020.
- Orkustofnun með bréfi dags. 31. janúar 2020.
- Samgöngustofu með tölvupósti dags. 29. janúar 2020.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 31. janúar 2020.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 10. febrúar 2020.

#### 3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

##### Öldufar og straumar

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að rennslisraði á svæðinu stýrist að mestu af sjávarföllum og áhrifa vegna lögunar sjávarbotnsins. Í sundinu á milli hafnarinnar og flugvallarins myndar botninn rennu þar sem mestallur sjórinn fer inn í Pollinn vegna sjávarfalla og myndast þar fyrir vikið mikill straumur.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að innri hluti Skutulsfjarðar hafi verið metinn af Umhverfisstofnun sem vatnshlot sem sé í óvissu um að ná umhverfismarkmiðum laga um stjórn vatnamála. Mikilvægt sé að meta áhrif framkvæmdarinnar á vatnsskipti í Pollinum. Hafrannsóknastofnun bendir einnig á að stálþil sem reisa á komi í stað aflíðandi fjöru. Fjaran eyði orku sem öldur færa með sér en lóðrétt stálþil endurkasti öldunni, sem geti haft áhrif á landrof í fjöru gegnt þilinu. Bent er á að Sundið er þröngt og grunnt og þar sé straumhraði frekar mikill. Grunna svæðið muni stytast vegna dýpkunarinnar við Sundabakka og því geti framkvæmdin haft áhrif á strauma og rof á þeim grunna kafla sem eftir stendur. Stofnunin telur að gera þurfi grein



fyrir líklegum breytingum á straumhraða og öldufari vegna framkvæmdarinnar. Einkum varðandi flugvallarsvæðið, ysta tanga Suðurtanga og mögulegu botnrofi við Sundin.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir líklegum breytingum á straumhraða og öldufari vegna framkvæmdarinnar.

### **Botndýralíf**

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að gerð hafi verið rannsókn sem hafði það að meginmarkmiði að skilgreina náttúrulegt lífríki Ísafjarðardjúps.

Hafrannsóknastofnun bendir á að til standi að fjarlægja talsvert efnismagn úr botninum við framkvæmdirnar. Ekki er víst hver umhverfisáhrifin verða en ákveðnar líkur eru á því að botndýralíf muni raskast innan framkvæmdasvæðis þ.e.a.s. í Pollinum og á framkvæmdarsvæðinu sjálfu. Mikilvægt er að hafa upplýsingar um ástand líffræðilegra gæðapátta strandsjávar í Pollinum, á framkvæmdarsvæði og utan þess (viðmiðunarsvæði) áður en til framkvæmda kemur, til að hægt sé að meta umhverfisáhrifin.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir upplýsingum og leggja mat á ástand líffræðilegra gæðapátta strandsjávar í Pollinum, á framkvæmdarsvæði og utan þess (viðmiðunarsvæði) áður en til framkvæmda kemur. Leggja þarf mat á hvort framkvæmdir séu líklegar til að hafa áhrif á botnlæga hryggleysingja út frá ástandi gæðapátta ofangreindra svæða.

### **Losun dýpkunarefnis í sjó**

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að ef ekki takist að nýta efnið í framkvæmdir á landi, að hluta til eða öllu leyti, verður efnið haugsett á hafsbotni. Í frummatsskýrslu verður fjallað um mögulega staði til efnislosunar og áhrif hennar á umhverfið.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að mikilvægt sé að fram komi í frummatsskýrslu hvernig dýpkunarefni sem falli til við framkvæmdina verði ráðstafað einkum hve miklu efni stendur til að varpa í hafið. Einnig þarf að koma fram hver losunarstaðurinn í sjó er og hvort hann hafi verið notaður áður sem og upplýsingar um lífríki á losunarstaðnum og mat á áhrifum losunarinnar þar á.

Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um áætlað umfang haugsetningar á hafsbotni, staðsetningu á líklegum losunarstað, fjalla um lífríki á svæðinu samkvæmt fyrirliggjandi heimildum og meta möguleg áhrif haugsetningar.

### **Vöktun**

Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemin er komin í rekstur, eftir því sem við á.

## **4 NIÐURSTAÐA**

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Hafna Ísafjarðarbæjar að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum:

1. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir líklegum breytingum á straumhraða og öldufari vegna framkvæmdarinnar.
2. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir upplýsingum og leggja mat á ástand líffræðilegra gæðapátta strandsjávar í Pollinum, á framkvæmdarsvæði og utan þess (viðmiðunarsvæði)



---

áður en til framkvæmda kemur. Leggja þarf mat á hvort framkvæmdir séu líklegar til að hafa áhrif á botnlæga hryggleysingja út frá ástandi gæðapátta ofangreindra svæða.

3. Í frummatskýrslu þarf að fjalla um áætlað umfang haugsetningar á hafsbotni, staðsetningu á líklegum losunarstað, fjalla um lífríki á svæðinu samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum og meta möguleg áhrif haugsetningar.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og er kærufrestur til 7. apríl 2020.

Reykjavík, 6. mars 2020

Egill Þórarinnsson

Jakob Gunnarsson